

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 667/1995, um framtal og skil á virðisaukaskatti, með breytingu skv. reglugerð nr. 588/1996

## 1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætast tveir nýir málslíðir er orðast svo: Sama gildir um aðila sem hafa með höndum nytjaskógrækt, enda sé sala á skattskyldri vöru eða þjónustu lægri en 1.400.000 kr. á almanaksári. Fari sala aðila í nytjaskógrækt umfram þau mörk sem getið er skv. 1. málsl. skal hann á næsta gjalddaga almennra uppgjörstímabila, sbr. 1. gr., gera upp mismun þess útskatts og innskatts sem fallið hefur á sölu og kaup hans á viðkomandi uppgjörstímabili.

## 2. gr.

Við 2. mgr. 3. gr. bætist nýr töluliður er verður 6. tölul. er orðast svo: Umboðsmanna erlendra aðila skv. 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 50/1988.

## 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 20. júní 1997.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Hermann Jónasson.

## Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.